

**155. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti 16-18, 2. mars 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun**

Hluti fundarmanna sóttu fundinn á fjarfund.

Kynning á stöðu hönnunar á fyrsta hluta að Jaðarsbökkum.

*Sameiginlegur dagskrárliður Skóla- og frístundaráðs og Skipulags- og umhverfiráðs, jafnframt sátu fundinn undir þessum dagskrárlið bæjarfulltrúarnir Kristinn Hallur Sveinsson, Einar Brandsson, Rake Óskarsdóttir, Ólafur Adolfsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Elsa Lára Arnardóttir.*

*Þórður Guðjónsson formaður starfshóps um hönnun 1.áfangna á Jaðarsbökkum fór yfir minnisblað starfshópsins dagsett 19.2.2021. Gunnar Borgarsson arkitekt fór síðan yfir stöðu hönnunar mannvirkisins eins og hún stendur í dag.*

*Skóla- og frístundaráð samþykkir fyrirbyggjandi hönnunargögn og að þau verði notuð í áframhaldandi hönnun mannvirkis. Jafnframt tekur Skóla- og frístundaráð undir þau sjónarmið sem fram koma í minniblaði starfshóps um framhald verkefnisins er lúta að hlutverki núverandi starfshóps í hönnunarferli og því að sérstök bygginganefnd verði stofnuð þegar framkvæmd fer af stað. Skóla- og frístundaráð leggur því til við bæjarráð að framlengja vinnutímabil starfshópsins þar til hönnun er lokið og í framhaldinu að leggja fram sérstakt erindsbréf bygginganefndar þegar framkvæmdir hefjast.*

*Starfshópur, arkitektar, bæjarstjóri, skipulags- og umhverfiráð og bæjarfulltrúar víkja af fundi.*

**2. 2102340 - Stytting vinnuvikunnar - erindi foreldraráðs leikskólanna á Akranesi**

Erindi frá foreldraráði leikskólanna á Akranesi.

*Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í leikskóla kemur inn á fundinn undir þessum lið.*

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir erindið og vísar því áfram í bæjarráð til upplýsinga.*

*Anney vÍkur af fundi.*

**3. 2010176 - Niðurgreiðsla vegna dvalar barna hjá dagforeldrum 2021**

Umfjöllun um niðurgreiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögur að hækkun niðurgreiðslu til dagforeldra upp í kr. 70.000 miðað við fulla vistun, til samþykktar í bæjarráð þar sem hækkunin rúmast innan fjárheimildar 2021.*

**4. 2102109 - Innritun í grunnskóla 2021**

Innritun í grunnskóla á Akranesi hefur farið fram.

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.  
Sign (BD, RBS, SMS, FES og VJ).*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.**